

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grundarfirði



Dags eftirlits	7.10.2014	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Elíasson	Staðsetning	298888,207	498613,941

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi. Í rekstrarhandbókinni sjást skráningar frá því í janúar 2014 þar sem ágangur sjávar hefur étið sig inn í sjávarbakkann. Brugðist var við og er ekki að sjá að þetta endurtaki sig.

Frárennsli beggja olíuskilja í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðust frárennslin þau próf. Olíuskiljur voru þjónustaðar 7. apríl sl.

Báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lögn nr. 350.66.00 var þrýstiprófuð í september 2012 en allar aðrar lagnir voru þrýstiprófaðar í nóvember 2013. Stóðust þær allar þá áraun.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Tekið var á lokum í frárennslum þróa og reyndust báðir standa lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Þróarveggir og hlið í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 12.11.2014

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.